

Umsögn íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis dags. 28. janúar 2021 um Stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030. Lögð fram og samþykkt á fundi ráðsins þann 28. janúar 2021.

Íbúaráð Háaleitis og Bústaða fagnar nýrri og vandaðri stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030. Einkum fagnar ráðið auknum áherslum á skólahljómsveitir, aukið söng- og kórastarf og aðstöðu til hljóðfærakennslu í grunnskólum barnanna sem og öðrum þáttum sem stuðla að aukinni þátttöku barna tekjuminni foreldra í tónlistarnámi. Ráðið fagnar því að leikskólastigið sé fellt inn í stefnuna. Auk þess er mikilvægt að tónlistarnám verði almennt aðgengilegra þannig að kostnaður fari ekki fram úr hófi.